

41

13. júní

L Ö G**um viðauka við lög nr. 26 1. febrúar 1936, um alþýðutryggingar.**

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 81. gr. laganna bætist: Ennfremur fólk yngra en 67 ára, sem áður hefir notið ellistyrks samkvæmt lögum nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

42

13. júní

L Ö G**um viðauka við lög nr. 121 12. desember 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.**

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Á eftir 14. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Brof gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála, og varða sektum, allt að 200000 krónum, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt öðrum lögum.

Andvirði ísfisks, sem fluttur er út umfram veitt útflutningsleyfi, skal renna í Fiskimálasjóð og greiðast beint til hans af banka þeim, sem umráð hefir hér yfir andvirðinu. Getur atvinnumálaráðherra eftir ástæðum varið því, að meira eða minna leyti, til þess að bæta öðrum útflytjendum, sem sannanlega hafa orðið fyrir tapi af hinum ólöglega útflutningi, tjón það, er þeir hafa þannig orðið fyrir. Sé aðeins um smámuni að ræða, sem flutt hefir verið út umfram leyft fiskmagn og ætla